

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um stuðningsúrræði
fyrir nemendur í samræmdu prófi í íslensku.

Frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur.

1. Hvert var hlutfall nemenda sem nýttu sér stuðningsúrræði í samræmdu prófi í íslensku árin 2014–2017? Svar óskast sundurliðað fyrir 4., 7. og 9. bekk og sömuleiðis eftir árum.
2. Hvert var hlutfall nemenda sem sóttu um undanþágu frá töku prófsins á sama tímabili eða voru fjarverandi í prófinu, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum? Svar óskast sundurliðað fyrir 4., 7. og 9. bekk og sömuleiðis eftir árum.

Skriflegt svar óskast.